



Nefndasvið Alþingis,  
v/sjávarútvegsnefndar,  
Austurstræti 8-10.  
150 Reykjavík.

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík 18. nóvember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipamælingar – 158. mál.

Við höfum mótttekið bréf dags. 30. október 2002 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um um skipamælingar, 158. mál.

Við viljum gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. og 2. mgr. 2. greinar. Að mati okkar er algerlega óþarft og tilhæfulaust að beita mismunandi mælireglum eftir lengd skips. Samtökin leggja því ríka áherslu á að ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa sem undirrituð var í London 23. júní 1969 verði látin gilda fyrir öll íslensk skip, óháð lengd. Ísland er skuldbundið til að fylgja alþjóðasamþykktinni fyrir skip 24 metra og lengri. Það er á hinn bóginn ekkert sem mælir gegn því að sama mæliaðferð sé notuð fyrir öll skip. Í dag er þeirri mæliaðferð t.a.m. beitt við mælingu skipa 15 metra og lengri.
2. 3. mgr. 2. greinar. *“Heimilt er að mæla hvert skip og reikna brúttórúmlestatölu þess samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa, gefnum út af Þjóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er fyrir í samningi, undirrituðum í Ósló 10. júní 1947, með síðari breytingum, eftir nánari reglum sem samgönguráðherra ákveður með reglugerð”.*

Samtökin leggja til að þetta heimildarákvæði verði fellt út úr lagatextanum. Ef ekki er fallist á það leggja samtökin til að málsgreinin orðist þannig:  
*“Heimilt er samgönguráðherra krefjast þess að brúttórúmlestatöla hvers skips sé reiknuð samkvæmt alþjóðareglum um mælingu skipa, gefnum út af*

*Djóðabandalaginu 30. júní 1939, eins og mælt er fyrir í samningi, undirrituðum í Ósló 10. júní 1947, með síðari breytingum, enda verði mælingin framkvæmd og reiknuð, útgerðinni að kostnaðarlausu”.*

Í athugasemdum við 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins er talað um ástæður þess að lagt er til að halda heimild til að krefjast mælinga skv. “Oslóarsamþykktinni”. Það stendur einfaldlega upp á stjórnvöld að leggja til hvaða brúttótonnatala á að koma í stað brúttórúmlestatölu þar sem það kann að eiga við og því er engin þörf á að þvinga útgerðir til að mæla skip sín bæði eftir “Oslóarsamþykktinni” og “Lundúnasamþykktinni”. Rétt er að geta þess að um sinn verða útgerðir væntanlega að mæla skip eftir báðum aðferðunum vegna ákvæða kjarasamninga þar sem vísað er til brúttórúmlesta en verði því breytt verður engin þörf til staðar.

3. 6. grein. *“Þegar skip er skráð á íslenska skipaskrá ber eiganda þess að senda Siglingastofnun Íslands útreikninga á tonnatölum þess og teikningar og önnur nauðsynleg gögn til þess að ákveða mælingu þess. Heimilt er að taka útreikninga og mælingar sem samþykktar hafa verið af erlendu ríki gildar ef það ríki er aðili að alþjóðasamþykkt um mælingar skipa frá 1969”.*

Við leggjum til að í stað orðsins “Heimilt” er, osv. frv. komi orðið “Skýlt” er að taka útreikninga og mælingar sem samþykktar hafa verið af erlendu ríki gildar ef það ríki er aðili að alþjóðasamþykkt um mælingar skipa frá 1969 ef ekki liggja fyrir rökstuddar ástæður til að efast um trúverðugleika framlagðra gagna.

4. 7. grein. *“Siglingastofnun Íslands getur hvenær sem ástæða þykir til endurskoðað mælingu skipa. Einnig geta eigendur skipa fengið skip sín mæld að nýju óski þeir þess”. Við leggjum til að heimild til Siglingastofnunar til að endurskoða mælingu skipa, takmarkist við það að fyrir liggja rökstudd ástæða til endurskoðunar. Að öðrum kosti verði endurskoðunin framkvæmd á kostnað stofnunarinnar.*

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri